

Vestmannaeyjum og goldið þar 10 kr. útsvar, og það annað að niðurlag fyrstu málsgreinar áður nefndrar lagagreinar, mæli svo fyrir, að ef á sama mann á sama gjaldári, er lagt útsvar á tveim stöðum, eins og hjer átti sjer stað, þá skal frá ársútsvarinu — (þar sem hann hefir lögheimili) — draga til-
tölulega við þann tíma, er hann dvaldi annars staðar, þó ekki meira en hann galt þar.

Krafa gjörðarpola um 5 kr. frádrátt frá útsvari hans í Fljótshlíð 1924, er var 15 kr., var því fyllilega lögmæt; en gjörðarbeiðandinn virðist gagnvart gjörðarpola hafa virt að vettugi áminst lagaákvæði, án þess að það hafi verið rjettlætt.

Mánudaginn 26. nóv. 1928.

Nr. 100/1927. **Hans P. Stangeland** (L. Jóhannesson)

gegn

Útbúi Landsbankans, Eskifirði

(Pjetur Magnússon).

Lögmæti stefnubirtingar.

Dómur gestarjettar Suður-Múlasýslu 10. nóv. 1926: Stefndir, Hans P. Stangeland, Marteinn Þorsteinsson, Jón Davíðsson, Stefán Jakobsson, P. Stangeland og Georg Georgsson greiði stefnanda útibúi Landsbankans á Eskifirði, einn fyrir alla og allir fyrir einn kr. 18000,00 msð 6% árs-
vöxtum frá 15. maí 1926 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % af upphæðinni í þóknun, 17 kr. í afsagnarkostnað og kr. 33,70 í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirt-
ingun hans, að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 3. desbr. f. á. að fengnu áfrýjunar-
leyfi dags. 9. nóvbr. s. á. og novaleyfi dags. s. d.

Áfrýjandi, sem mætti ekki í málinu í undirrjetti, krefst þess hjer fyrir rjettinum að hinn áfrýjaði gesta-
rjettardómur og öll meðferð málsins fyrir gestarjett-

inum verði ómerkt að því er hann snertir. Svo krefst hann og þess, að fjárnám það og uppboð á eimskipinu Andey, sem gjört var samkvæmt dóminum 20. desbr. 1926 og 27. mars 1927, verði ómerkt og loks krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarjetti.

Með því að áfrýjunarleyfi það, er lagt hefir verið fram í málinu, nær eigi til áfrýjunar á nefndum fjárnáms- og uppboðsgjörðum og hinn lögmælti áfrýjunarfrestur var liðinn, verður ex officio að vísa stefnunni frá hæstarjetti að því er þessar rjettargjörðir, snertir.

Kröfu sína um ómerkingu hins áfrýjaða dóms byggir áfrýjandi á því, að gestarjettarstefnan hafi ekki verið löglega birt, með því að hann hafi í marsmánuði 1926 flutst alfarinn frá Fáskrúðsfirði og hafi hann því ekki átt þar lögheimili, er stefnan var birt þar 25. okt. 1926.

Um heimilisfang áfrýjanda er þetta upplýst í málinu:

Í gestarjettarstefnunni er áfrýjandi talinn til heimilis á Fáskrúðsfirði, í manntali hlutaðeigandi sóknarprests er hann talinn til heimilis í húsi föður hans P. Stangeland á Búðum í Fáskrúðsfirði og þar hafa stefnuvottarnir birt stefnuna; taka þeir það fram í birtingarvottorðinu, að þeir hafi birt stefnuna á lögheimili Stangelands á Búðum fyrir Kristine Eide með því að stefndur hafi eigi verið heima, og taka þeir það jafnframt fram að þeir hafi afhent henni afrit af stefnunni; hefir kona þessi, sem er nákomin áfrýjanda, ekki vefengt eða mótmælt því við stefnuvottana að þar væri lögheimili áfrýjanda. Þá hafa allar aðrar birtingar og tilkynningar til áfrýjanda, bæði birting gestarjettardómsins 14. desbr. 1926 og birting tilkynningar um nauðungaruppboð á e./s. Andey og

lifrarbræðslustöðinni Hlaðhamri 29. jan. 1927, verið birtar á sama stað, er stefnuvottarnir enn telja lögheimili áfrýjanda, fyrir fólki nákomnu honum, ýmist áðurnefndri Kristine Eide eða bróður áfrýjanda Thomas P. Stangeland, án þess að þau þá hreyfðu neinum mótmælum eða efasemdum um að þar væri lögheimili áfrýjanda. Við þetta bætist loks það, að áfrýjandi, sem þó telur sig hafa átt lögheimili hjer á landi árin 1926 og 1927, hefir ekki gefið neinar upplýsingar um það, hvar hann hafi átt lögheimili annars staðar þessi ár.

Þessum gögnum um heimilisfang áfrýjanda hefir ekki verið hnekt með þeim vottorðum, er lögð hafa verið fram af nýju í hæstarjetti.

Samkvæmt framansögðu verður að álíta að áfrýjandi hafi átt lögheimili hjá föður sínum á Búðum í Fáskrúðsfirði, er gestarjettarstefnan var birt, og ber því samkvæmt kröfu stefnda að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er áfrýjanda snertir, og dæma hann til að greiða málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Kröfu áfrýjanda um ómerkingu á hinu áfrýjaða fjárnámi og uppboði á e./s. Andey vísast frá hæstarjetti. Gestarjettardóminum að því leyti, sem honum hefir verið áfrýjað, skal óraskað. Áfrýjandi Hans P. Stangeland greiði stefnda útibúi Landsbankans á Eskifirði 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn útbú Landsbankans á Eskifirði höfðað fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu gegn stefndum Hans P. Stangeland, Marteini Þorsteinssyni, Jóni Davíðssyni, Stefáni Jakobssyni, P. Stangeland og Georg Georgssyni, öllum til heimilis á Fáskrúðsfirði til greiðslu á vixli að upphæð 18000,00 kr. útgefnum af stefndum Marteini Þorsteinssyni með gjalddaga 15. maí þ. á., samþykkan af stefndum Hans P. Stangeland, en ábekingar á vixlinum eru hinir aðrir meðstefndir. Var vixillinn afsagður sökum greiðslufalls 18. maí þ. á.

Hefir stefnandi gjört þær kröfur að stefndir verði dæmdir til þess in solidum að greiða sjer upphæð vixilsins með 18000,00, með 6 % ársvöxtum frá gjalddaga hans 15. maí þ. á. til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % af upphæðinni í þóknun, 17 kr. í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur: Stefán Jakobsson mætti óstefndur í málinu en hreyfði engum mótmælum gegn dómkröfum til stefnanda og verður þegar af þeirri ástæðu að taka þær til greina, að því er hann snertir. Aðrir hinir stefndu mættu ekki nje ljetu mæta í málinu og er þeim þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt N. L. 1—4—32. og tilskipun 3. júní 1796, 2. gr. sbr. tilskipun 15. ágúst 1832, 8. gr. að dæma málið samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum og þar sem stefnandi hefir lagt fram frumrit vixilsins ásamt afsagnargjörð í lögmaetu formi verður að taka kröfur hans til greina að öllu leyti og ákveðst málskostnaðurinn kr. 33,70 samkvæmt framlögðum reikningi, sem ekkert hefir fundist athugavert við.

Miðvikudaginn 28. nóv. 1928.

Nr. 12/1928. **Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar**

(Guðm. Ólafsson)

gegn

Sigurði Magnússyni og gagnsök

(Jón Ásbjörnsson).

Skaðabótamál.

Dómur aukarjettar Seyðisfjarðar 20. sept. 1927: Stefnda, bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, Jón Þór